# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Skrifstofa blaðsins**
**er í Síðumúla 29, 2. hæð,**
**150 Reykjavík.**
**Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Árg. kostar 2.500 krónur,**
**hvert eintak 65 krónur.**

**Nr. 48** **94. ár** **Föstudaginn 20. apríl 2001**

## Laus störf

Öxarfjarðarskóli er við rætur Jökulsárgljúfra. Önnur starfsstöðin er í skógi vöxnum lundi en hin í litlu sjávarþorpi.

Við leitum eftir kennurum sem eru tilbúnir að taka virkan þátt í stefnumótun og þróunarstarfi skólans.

Frekari upplýsingar gefur skólastjóri: Hulda Aðalbjarnardóttir í síma 465-2244, hs. 465-2245 eða grlundi@ismennt.is

Einnig er laus staða tónlistarkennara við Tónlistarskóla Öxarfjarðar. Möguleiki á organistastarfi. Frekari upplýsingar gefur skólastjóri: Einar Melax í síma 465-2244 eða hs. 465-2243.

F.h. Öxafjarðarhrepps,
**Hulda Aðalbjarnardóttir**

(5003

Eftirfarandi kennarastöður við Menntaskólann á Akureyri eru lausar til umsóknar:

kennarastaða í ensku, fullt starf,
kennarastaða í frönsku, hálft starf,
kennarastaða í íþróttum, hálft starf,
kennarastaða í sálarfræði, hálft starf,
kennarastaða í sögu, hálft starf,
kennarastaða í stærðfræði, fullt starf.

Umsóknir skulu hafa borist undirrituðum fyrir 20. apríl nk. sem veitir allar frekari upplýsingar.

Menntaskólanum á Akureyri,
10. apríl 2001.
**Tryggvi Gíslason** skólameistari.

(5163

## Stefnur

**Aðilar málsins eru:**

*Stefnandi:* Tal hf., kt. 660397-2729, Síðumúla 28, 108 Reykjavík

*Stefndi:* Hjálmar Þór Kristjánsson , kt. 150477-5819, Lindargötu 60 , 101 Reykjavík.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 59.952 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 4.863 frá 5. maí 1999 til 3. júní 1999, af kr. 14.915 frá 3. júní 1999 til 5. júlí 1999, af kr. 33.702 frá 5. júlí 1999 til 5. ágúst 1999, af kr. 51.743 frá 5. ágúst 1999 til 3. september 1999, af kr. 59.352 frá 3. september 1999 til 5. október 1999, af kr. 59.952 frá 5. október 1999 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

*Málsatvik og málsástæður:* Skuldin er samkvæmt framlögðu reikningsyfirliti stefnanda. Stefnandi rekur talsímafyrirtæki í Reykjavík og er

## Auglýsing

### um deiliskipulag í Reykjavík

*Athafnasvæði Eimskips við Vatnagarða í Sundahöfn.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að deiliskipulagi athafnasvæðis Eimskips við Vatnagarða í Sundahöfn. Skipulagssvæðið afmarkast af Korngörðum, Klettagörðum að norðvestan, Vatnagörðum að suðvestan, Sægörðum að suðaustan og Kleppsbakka og Sundabakka að norðaustan.

Tillagan gerir ráð fyrir ýmsum breytingum á svæðinu s.s. breikkun Sundabakka, breytingum á lóðafyrirkomulagi og byggingarreitum, breytingum á umferðarkerfi m.a. á mótum Klettagarða og Sundagarða. Tillagan gerir og ráð fyrir niðurrifi Sundaskála 1-2 og byggingu stórrar vöruskemmu/vöruhótels (sem orðið getur um 30 þús. m$^2$ að grunnfleti) við Vatnagarða svo eitthvað sé nefnt.

*Álfheimar 74, Glæsibær, tillaga að deiliskipulagi lóðarinnar.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að deiliskipulagi lóðar verslunarmiðstöðvarinnar Glæsibæjar að Álfheimum 74. Skipulagssvæðið afmarkast af Gnoðavogi í norðaustur, Álfheimum í suðaustur, Suðurlandsbraut í suðvestur og Engjavegi í norðvestur.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að lóð verslunarmiðstöðvarinnar stækki í átt að Engjavegi. Byggt verði 3 - 8 hæða verslunar- og þjónustuhús á norðvesturhluta lóðarinnar (þ.e. við Engjaveg) ásamt bílgeymslu fyrir 361 bíl. Jarðhæð núverandi byggingar stækki í norðaustur og byggð verði inndregin hæð ofan á hluta hennar svo það helsta sé nefnt.

*Árkvörn 6, Ártúnsskóli, breyting á deiliskipulagi Ártúnsholts og Árbæjarsafns.*

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ártúnsholts annars vegar og deiliskipulagi safnasvæðis Árbæjarsafns hins vegar.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að stækka lóð Ártúnsskóla að Árkvörn 6 um u.þ.b. 2000 m$^2$, minnka safnasvæði Árbæjarsafns um 1200 m$^2$ og grænt svæði á milli lóðanna um 800 m$^2$, heimilt verði að auka byggingarmagn á sunnanverðri skólalóðinni um 1000m$^2$, á einni til tveimur hæðum. Viðbyggingar mega ekki rísa hærra en núverandi skólahús. Tillagan gerir ráð fyrir að bílastæðum við skólann fjölgi í samræmi við aukið byggingarmagn.

*Tillögurnar liggja frammi í sal Borgarskipulags og byggingarfulltrúa í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 10.00–16.00 frá 20. apríl til 18. maí 2001. Ábendingum og athugasemdum skal skila skriflega til Borgarskipulags Reykjavíkur eigi síðar en 1. júní 2001.*

*Sérstök athygli er vakin á því að þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.*

Reykjavík, 10. apríl 2001.
**Borgarskipulag Reykjavíkur**

5095)

## Auglýsing

### um tillögu að breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar 1997–2017, Indriðastöðum í Skorradal

Sveitarstjórn Skorradalshrepps auglýsir skv. 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að óverulegri breytingu á svæðisskipulagi norðan Skarðsheiðar. Gerð er tillaga um breytingu á notkun lands. Annars vegar sem opið svæði til sérstakra nota (tjaldsvæði, bátaleiga o.fl.) og hins vegar sem verslunar- og þjónustusvæði. Svæðið er 9,6 ha og er staðsett milli Borgarfjarðarbrautar við vesturenda Skorradalsvatns og vatns.

Sveitarstjórn bætir það tjón, sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Tillagan hefur verið send sveitarstjórn Borgarfjarðarsveitar til kynningar. Tillagan verður send Skipulagsstofnun sem gerir tillögu til umhverfisráðherra um lokaafgreiðslu.

Þeir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna geta snúið sér til byggingarfulltrúa.

10. apríl 2001,
f.h. sveitarstjórnar,
byggingarfulltrúi Skorradalshrepps,
**Bjarni O. V. Þóroddsson.**

5097)

# Nauðungarsölur

## Reykjavík

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík, mánudaginn 21. maí 2001, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| *Kl. 10.00* | | | |
| Aðaltún 6, Mosfellsbæ 4904) | Bogi Agnarsson og Þorgerður Jónsdóttir | Íbúðalánasjóður | 252.657 |
| Álfaborgir 15, 0101, 83,3 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð t.v. m.m. ásamt geymslu á 1. hæð merkt 0109 4905) | Ingibjörg Alma Fjeldsted | Íbúðalánasjóður | 174.971 |
| Álfaborgir 17, 0102, 103,8 fm 5 herb. íbúð á 1. hæð t.h. m.m. ásamt geymslu á 1. hæð merkt 0110 4906) | Friðlín Arnarsdóttir | Íbúðalánasjóður | 205.165 |
| Bakkastaðir 73, 0201, 101,2 fm íbúð á 2. hæð m.m. ásamt bílskúr og geymslu merkt 02-0102 4907) | Bergljót Harðardóttir | Tollstjóraembættið | 102.337 |
| Barðavogur 18, 0001, 3ja herb. íbúð í kjallara 4908) | Oddrún Elfa Stefánsdóttir | Íbúðalánasjóður | 499.315 |
| Barðavogur 38, 0101, 80% ehl. í 1. hæð 4909) | Birna Lára Þórarinsdóttir og Þórarinn F. Guðmundsson | Íbúðalánasjóður | 414.950 |
| Bárugata 4, 0201, 2ja herb. íbúð í risi m.m. 4910) | Hrefna Ósk Benediktsdóttir | Íbúðalánasjóður | 227.458 |
| Blikahólar 4, 0504, 2ja herb. íbúð á 5. hæð merkt B 4911) | Halldór Ægir Tryggvason | Íbúðalánasjóður | 121.370 |
| Blönduhlíð 6, 0002, 3ja herb. íbúð í kjallara 4912) | Kolbeinn Proppé og Svava Rut Óðinsdóttir | Íbúðalánasjóður | 59.561 |
| Bollagata 2, 0101, 5 herb. íbúð á 1. hæð, geymsla í kjallara og bílskúr 4913) | Brynja D. Runólfsdóttir | Tollstjóraembættið | 114.341 |
| Bólstaðarhlíð 48, 0402, 86,6 fm íbúð á 4. hæð m.m. ásamt geymslu merkt 0006 4914) | Svanborg Elínbergsdóttir | Íbúðalánasjóður | 522.446 |
| Brattholt 6d, Mosfellsbæ 4915) | Kristbjörn M. Harðarson | Íbúðalánasjóður | 80.314 |
| Bugðutangi 9, Mosfellsbæ 4916) | Bergrós Hauksdóttir og Hallgrímur Skúli Karlsson | Íbúðalánasjóður | 176.281 |
| Esjugrund 56 4917) | Friðrik V. Steingrímsson | Tollstjóraembættið | 425.390 |

skuld þessi til komin vegna ógreiddra símreikninga stefnda hjá stefnanda á tímabilinu maí 1999 til október 1999. Nánar tiltekið er um eftirfarandi reikninga að ræða:

| Nr. | Útgáfudagur | Gjalddagi | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| 1. | 5. maí 1999 | 5. maí 1999 | 4.863 |
| 2. | 3. júní 1999 | 3. júní 1999 | 10.052 |
| 3. | 5. júlí 1999 | 5. júlí 1999 | 18.787 |
| 4. | 5. ágúst 1999 | 5. ágúst 1999 | 18.041 |
| 5. | 3. sept. 1999 | 3. sept. 1999 | 7.609 |
| 6. | 5. okt. 1999 | 5. okt. 1999 | 600 |

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 59.952 sem er stefnufjárhæðin auk vaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum aðila skyldi miðast við dagsetningu reiknings og tekur dráttarvaxtakrafan mið af því. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Lögheimili stefnda hefur verið rifið niður en kannanir á dvalar- eða íverustað hafa engan árangur borið. Er stefnanda því nauðsyn að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

*Lagatilvísanir:* Vísað er til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu vísast til 89. gr. sömu laga.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram reikningsyfirlit og innheimtubréf lögmanns stefnanda til sönnunar kröfum sínum. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda tilefni til.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsi héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, dómsal 102, þann 31. maí 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur hann átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart sér með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 27. mars 2001,
f.h. Bjarna Þórs Óskarssonar, hrl.
**Herdís Hallmarsdóttir** lögfr.

(5070

**Aðilar málsins eru:**

*Stefnandi:* Tal hf., kt. 660397-2729, Síðumúla 28, 108 Reykjavík

*Stefndi:* Viðar Már Friðfinnsson, kt. 250263-4659, með lögheimili að Bláskógum 14, 109 Reykjavík.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 68.065 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 68.065 frá 3. des. 1998 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

*Málsatvik og málsástæður:* Skuldin er samkvæmt framlögðu reikningsyfirliti stefnanda. Stefnandi rekur talsímafyrirtæki í Reykjavík og er skuld þessi til komin vegna ógreiddra símreikninga

stefnda hjá stefnanda á tímabilinu september 1998 til og með desember 1998. Skuldastaða stefnanda við stefnda þann 3. des. 1998 var að fjárhæð kr. 68.065 og er það stefnufjárhæð máls þessa. Auk þess er krafist dráttarvaxta frá þeim degi.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefnandi er með lögheimili að Bláskógum 14, en birting hefur ekki tekist þar og fengust þær upplýsingar að stefndi væri fluttur og ekki væri vitað hvert. Leit að dvalar- eða íverustað hefur engan árangur borið og er stefnanda því nauðsyn að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

*Lagatilvísanir:* Vísað er til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga númer 91/1991. Um birtingu stefnu vísast til 89. gr. sömu laga.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram viðskiptayfirlit og innheimtubréf lögmanns stefnanda til sönnunar kröfum sínum. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda tilefni til.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsi héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, dómsal 102 þann 31. maí 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur hann átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 27. mars 2001,
f.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.
**Herdís Hallmarsdóttir** lögfr.

(5071

**Aðilar málsins eru:**

*Stefnandi:* Kreditkort hf., kt. 440686-1259, Ármúla 28, Pósth. 8040, 128 Reykjavík

*Stefnda:* Þórunn Ólý Óskarsdóttir , kt. 111147-2729, Óðinsgötu 24, 101 Reykjavík.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 209.324 auk stimpilgjalds kr. 1.000 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 209.324 frá 26. jan. 2001 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Skuldin er skv. framlögðum víxli, útgefnum af stefndu í Reykjavík þann 4. desember 2000 og samþykktum til greiðslu af Sigurbjörgu Katrínu Karlsdóttur hjá stefnanda við sýningu. Víxillinn er án afsagnar. Er hann framseldur af útgefanda. Víxillinn er tryggingarvíxill og stendur til tryggingar skuldar Sigurbjargar Katrínar við stefnanda vegna Eurocard greiðslukorts. Er hann að fjárhæð kr. 400.000. Víxillinn var sýndur þann 26. janúar 2001. Þar

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar) | Gerðarbeiðandi (-beiðendur) | Fjárhæðir krafna í krónum |
|---|---|---|---|
| Esjugrund 66 4918) | Ásmundur Þór Kristinsson | Borgarverkfræðingsembættið og Íbúðalánasjóður | 1.141.746 |
| Esjugrund 70 4919) | Ásmundur Þór Kristinsson | Borgarverkfræðingsembættið og Íbúðalánasjóður | 1.649.624 |
| Esjugrund 72 4920) | Ásmundur Þór Kristinsson | Borgarverkfræðingsembættið og Íbúðalánasjóður | 1.189.757 |
| Esjugrund 94 4921) | Ásmundur Þór Kristinsson | Borgarverkfræðingsembættið | 2.901.986 |
| Eyjarslóð 5, 010201, verslunar- og þjónustuhúsnæði á 2. hæð m.m. 4922) | Ís-eignir ehf. | Tollstjóraembættið | 264.715 |
| Fannafold 93, 4923) | Guðlaugur Jóhannesson | Íbúðalánasjóður | 500.695 |
| Fífusel 35, 0301, íbúð á 3. hæð t.v. 4924) | Sigurþór Jónasson | Íbúðalánasjóður | 62.017 |
| Flétturimi 11, 0201, 50% ehl. í 3ja herb. íbúð á 2. hæð ásamt bílastæði merkt 0015 í bílskýli 4925) | Barði Sigurðsson | Ríkisútvarpið | 67.864 |
| Flétturimi 33, 0204, íbúð á 2. hæð lengst til hægri og stæði nr. 21 í bílskýli 4926) | Júlíana S. Hilmisdóttir | Tollstjóraembættið | 450.845 |
| Fornistekkur 13, 50% ehl. 4927) | Hrafnhildur Hlöðversdóttir | Ríkisútvarpið | 113.164 |
| Freyjugata 15, 0101, verslunarhúsnæði í austurenda 1. hæðar og geymsla í kjallara 4928) | Sigrún Sigvaldadóttir | Tollstjóraembættið | 255.449 |
| Frostafold 25, 0302, íbúð ásamt bílskúr 4929) | Setrið ehf. | Íbúðalánasjóður | 165.182 |
| Frostafold 119, 0102, 3ja herb. íbúð á 1. hæð 4930) | Kristín Erna Ólafsdóttir | Tollstjóraembættið | 110.005 |
| Gnoðarvogur 82, 0001, 3ja herb. íbúð í kjallara 4931) | Björk Jónsdóttir | Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. | 244.966 |
| Grettisgata 70, 0301, 69,5 fm íbúð á 2. hæð m.m. 4932) | Margrét Einarsdóttir | Ríkisútvarpið | 80.946 |
| Gullengi 11, 0101, 2ja herb. íbúð á 1. hæð t.v. m.m. sér lóðarhluti 2 x 7m að sunnanverðu hluti í sameign 9,84%. Lóð undir bílskúr merkt 0104 4933) | Gestur Guðjón Haraldsson | Íslandsbanki-FBA hf. | 845.297 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar) | Gerðarbeiðandi (-beiðendur) | Fjárhæðir krafna í krónum |
|---|---|---|---|
| Háaleitisbraut 56, 0301, 4ra herb. íbúð á 3. hæð t.v. ásamt bílskúr 4935) | Erna Ólafsdóttir og Jón Magnús Jóhannsson | Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útibú | 6.553.694 |
| Háberg 7, 0301, 50% ehl. í 3ja herb. íbúð á 3ju hæð 4936) | Halldóra Kristín Valgarðsdóttir | Ríkisútvarpið | 84.200 |
| Háberg 42, 0101, 102,0 fm íbúð á 1. hæð ásamt 38,5 fm efri hæð m.m. og 1/10 hl. bílastæða- og bílskúralóðar Háberg 24-42 4937) | Svava Margrét Bjarnadóttir | Íbúðalánasjóður og Íslandsbanki-FBA hf. | 931.951 |
| Háteigsvegur 2, 0201, efri hæð og ris 4938) | Sveinn Guðmundsson | Landsbanki Íslands hf., höfuðst. | 193.400 |
| Hjallahlíð 12, 0201, 88,8 fm íbúð á 2. hæð m.m., Mosfellsbæ 4940) | Halldóra Sigurðardóttir og Börkur Guðmundsson | Íbúðalánasjóður | 213.924 |
| Hlunnavogur 5, 0101, 50% ehl. í neðri hæð og bílskúrsrétti 4941) | Guðný Rósa Magnúsdóttir | Ríkisútvarpið | 70.762 |
| Holtsgata 7 4942) | Listakot ehf. | Tollstjóraembættið | 109.983 |
| Hólmgarður 27, 0201, 3ja herb. íbúð á efri hæð 4943) | Esther Sigurðardóttir | Íbúðalánasjóður | 221.674 |
| Hraunbær 78, 0302, 5 herb. íbúð á 3. hæð t.h. ásamt herbergi í kjallara 4944) | Stefanía Gyða Jónsdóttir | Íbúðalánasjóður | 821.554 |
| Hrísrimi 1, 0101, íbúð á 1. hæð t.v. 82,6 fm 4945) | Unnur Kristinsdóttir | Sparisjóður Kópavogs | 3.204.101 |
| Hrísrimi 26, 0201, íbúð á efri hæð og bílskúr t.h. 4946) | Karólína S. Hróðmarsdóttir og Svavar Kristinsson | Íslandsbanki-FBA hf. | 166.174 |
| Hvammsgerði 3, 0101, 84,1 fm íbúð á 1. hæð og 57,4 fm í risi ásamt hlutdeild í sameign hússins og 36,1 fm bílgeymsla 4947) | Sigmar Julian Halldórsson og Sóley Björgvinsdóttir | Íbúðalánasjóður | 193.749 |
| *Kl. 14.00* | | | |
| Iðufell 8, 0402, 2ja herb. íbúð á 4. hæð í miðju m.m. 4948) | Benjamín S. Gunnlaugsson | Tollstjóraembættið | 49.043 |
| Jörfabakki 22, 0102, 94,4 fm íbúð á 1. hæð (austurendi) m.m. 4950) | Bjarni Guðmundsson | Tollstjóraembættið | 102.040 |

sem skuldin við stefnanda nam kr. 209.324 þann dag er það stefnufjárhæðin auk stimpilgjalds kr. 1.000. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber að taka tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Þar sem ekki tókst að birta stefnu á lögheimili stefndu en þar fengust þær upplýsingar að hún væri flutt en ekki vitað hvert auk þess sem könnun á dvalar- eða íverustað stefndu hefur engan árangur borið er stefnanda nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

*Lagatilvísanir:* Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum víxillaga nr. 93/1933 og rekur málið skv. XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um stimpilgjald af víxli styðst við lög nr. 36/1978 um stimpilgjald. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Varðandi varnarþing vísast til 2. mgr. 35. gr. laga númer 91/1991. Varðandi birtingu vísast til 89. gr. sömu laga.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram víxil og innheimtubréf lögmanns stefnanda til sönnunar kröfum sínum. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefndu tilefni til.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsi héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, dómsal 102, þann 31. maí 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur hún átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart sér með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 22. mars 2001,
f.h. stefnanda
f.h. Bjarna Þórs Óskarssonar, hrl.
**Herdís Hallmarsdóttir** lögfr.

(5072

**Aðilar málsins eru:**

*Stefnandi:* Tal hf., kt. 660397-2729, Síðumúla 28, 108 Reykjavík

*Stefndi:* Bjarki Týr Gylfason, kt. 120180-3399, með lögheimili að Heiðarvegi 30, 900, Vestmannaeyjum.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 20.032, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 3.683 frá 5. október 1998 til 4. nóvember 1998, af kr. 8.284 frá 4. nóvember 1998 til 3. desesember 1998, af kr. 14.628 frá 3. desember 1998 til 6. janúar 1999, af kr. 20.032 frá 6. janúar 1999 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

*Málsatvik og málsástæður:* Skuldin er samkvæmt framlögðu reikningsyfirliti stefnanda. Stefnandi rekur talsímafyrirtæki í Reykjavík og er skuld þessi til komin vegna ógreiddra símreikninga stefnda hjá stefnanda á tímabilinu október 1998 til og með janúar 1999. Nánar tiltekið er um eftirfarandi reikninga að ræða:

| Nr. | Útgáfudagur | Gjalddagi | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| 1. | 5. okt. 1998 | 5. okt. 1998 | 3.683 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2. | 4. nóv. 1998 | 4. nóv. 1998 | 4.601 |
| 3. | 3. des. 1998 | 3. des. 1998 | 6.344 |
| 4. | 6. jan. 1999 | 6. jan. 1999 | 5.404 |

Samtals nema framangreindar fjárhæðir kr. 20.032 sem er stefnufjárhæðin auk vaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum aðila skyldi miðast við dagsetningu reiknings og tekur dráttarvaxtakrafan mið af því. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefnubirting á lögheimili stefnda hefur reynst árangurslaus þar sem hann er sagður fluttur til Reykjavíkur. Kannanir um dvalar- eða íverustað hafa engan árangur borið. Er stefnanda því nauðsyn að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

*Lagatilvísanir:* Vísað er til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922. Um gjalddaga kröfunnar er einkum vísað til meginreglu 12. gr. sömu laga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 36 gr. laga númer 91/1991. Um birtingu vísast til 89. gr. sömu laga.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram reikningsyfirlit og innheimtubréf lögmanns stefnanda til sönnunar kröfum sínum. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefnda tilefni til.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu v. Lækjartorg, þann 31. maí 2001, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins getur hann átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart honum með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 27. mars 2001,
f.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.
**Herdís Hallmarsdóttir** lögfr.

(5073

**Skipasmíðastöð Njarðvíkur hf.,**
**kt. 590269-4099**
**Sjávargötu 6–12**
**260 Reykjanesbæ**

*gjörir kunnugt:* Að hún þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness á hendur Gesti Páli Gunnbjörnssyni, kt. 290562-5469, með óþekkt heimilisfang.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Jóhannes Karl Sveinsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 5.000.000, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 5.000.000 frá 5. október 2000 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi eða að mati virðulegs dóms.

*Málsatvik og málsástæður:* Krafa stefnanda er byggð á víxli

| Nr. | Útgáfudagur | Gjalddagi | Fjárhæð |
|---|---|---|---|
| 1. | 23. maí 1997 | 5. okt. 2000 | 5.000.000 |

Krafa stefnanda er byggð á ofangreindum víxli er lagður verður fram sem dskj. nr. 3. Víxillinn er útgefinn í Keflavík af stefnda, Gesti

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar) | Gerðarbeiðandi (-beiðendur) | Fjárhæðir krafna í krónum |
|---|---|---|---|
| Kleppsvegur 24, 0001, 4ra herbergja íbúð í kjallara t.v. m.m. ásamt geymslu í kjallara merkt 0007 4951) | Helga Jónsdóttir | Tollstjóraembættið | 50.436 |
| Kleppsvegur 34, 0402, 4ra herb. íbúð á 4. hæð vestanmegin 4952) | Jóhanna Hauksdóttir og Kristján Agnar Ómarsson | Íbúðalánasjóður | 743.494 |
| Kleppsvegur 134, 0602, 2ja herb. íbúð á 6. hæð 6/2 4953) | Andrés Þorsteinsson | Tollstjóraembættið | 57.328 |
| Kötlufell 5, 0303, 3ja herb. íbúð á 3. hæð til hægri m.m. 4954) | Rósa Morthens | Íbúðalánasjóður | 288.960 |
| Langahlíð 13, 0101, neðri hæð og bílskúr 4955) | Jóhann Smári Jóhannesson og Magnea Kolbrún Leósdóttir | Íbúðalánasjóður | 270.350 |
| Langholtsvegur 163 ásamt 1/3 lóðar, 50% ehl. 4956) | Elín Jónsdóttir | Tollstjóraembættið | 267.605 |
| Laufengi 116, 0203, 4ra herb. íbúð, 102,30 fm m.m. 4957) | Gunnhildur Vigdís Bogadóttir | Tollstjóraembættið | 57.680 |
| Laufrimi 5, 0301, 72,2 fm 3ja herb. íbúð á 3. hæð fyrst t.v. m.m. 4958) | Elsa Hafsteinsdóttir | Íbúðalánasjóður | 57.198 |
| Logafold 59, 4959) | Þröstur Eyjólfsson | Tollstjóraembættið | 782.021 |
| Logafold 67, 0201, 217,1 fm íbúð á 2. hæð, bílskúr merktur 0103 4960) | Þríeining ehf. | Tollstjóraembættið | 471.114 |
| Nýlendugata 6, 0101, efri hæð og ris 4961) | Björn Þórðarson, Oddbjörg Jónsdóttir og Freydís Frigg Guðmundsdóttir | Íbúðalánasjóður | 221.481 |
| Rauðagerði 45, 0101, 6 herb. íbúð á efri hæð og bílskúr 4962) | Andrés F. G. Andrésson | Íbúðalánasjóður | 89.262 |
| Rauðarárstígur 5, 0101, 2ja herb. íbúð á 1. hæð t.v. 4963) | Gísli Kristbjörn Björnsson | Íbúðalánasjóður | 250.485 |
| Reykás 33, íbúð merkt 0302 4964) | Svanfríður Hjaltadóttir | Tollstjóraembættið | 106.601 |
| Reynimelur 84, 0101, 50% ehl. í 4ra herb. íbúð á 1. hæð t.v. 4965) | Þorvaldur Baldurs | Tollstjóraembættið | 3.547.118 |
| Rjúpufell 19 4966) | Guðmundur Þ. Gíslason | Tollstjóraembættið | 112.722 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar) | Gerðarbeiðandi (-beiðendur) | Fjárhæðir krafna í krónum |
|---|---|---|---|
| Rjúpufell 27, 0402, 50% ehl. í 4ra herb. íbúð 93,1 fm á 4. hæð t.h. m.m. 4967) | Ragna S. Sveinbjörnsdóttir | Tryggingamiðstöðin hf. | 122.811 |
| Rósarimi 6, 0103, 50% ehl. í 3ja herb. íbúð f.v. á 1. hæð 75,6 fm m.m. 4968) | Anna Gísladóttir | Íbúðalánasjóður | 682.870 |
| Skeiðarvogur 13 4969) | Ólafur Garðar Eyjólfsson | Tollstjóraembættið | 104.728 |
| Skeljatangi 44, 0201, 4ra herb. íbúð, 88,7 fm á 2. hæð ásamt útigeymslu 4970) | Jón Vigfús Bjarnason og Svanfríður Linda Jónasdóttir | Íbúðalánasjóður | 244.163 |
| Skipasund 9, 0101, íbúð á 1. hæð og í risi ásamt bílskúr 4971) | Jónína Helga Jónsdóttir | Tollstjóraembættið | 100.440 |
| Skógarás 9, 0301, 3ja herb. íbúð á 3ju hæð t.v. 4972) | Hjörtur Bergstað | Íbúðalánasjóður | 172.258 |
| Skógarás 11, 0202, 5 herb. íbúð á 2. hæð t.h. 4973) | Judit Traustadóttir og Ómar Sævar Gíslason | Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. og Íbúðalánasjóður | 1.848.634 |
| Skólavörðustíg 17A, 0001, kjallaraíbúð 4974) | Örn Ingólfsson | Tollstjóraembættið | 539.008 |
| Skólavörðustígur 29A 4975) | Bogey R. Hreiðarsdóttir | Íbúðalánasjóður | 345.089 |
| Stigahlíð 8, 0402, 75,8 fm íbúð á 4. hæð t.h. m.m. 4976) | Halldór Rúnar Guðmundsson | Ríkisútvarpið | 96.618 |
| Stigahlíð 28, 0402, 75,2 fm íbúð á 4. hæð t.h. m.m. 4977) | Þórdís Leifsdóttir | Tollstjóraembættið | 72.852 |
| Suðurlandsbraut 46, 0102, 258,3 fm verslun á 1. hæð t.h. sem er nyrðri hluti 1. hæðar 4978) | Akta ehf. | Tollstjóraembættið | 272.607 |
| Súðarvogur 32, 0301, 3ja hæð 4979) | Ólafur Haraldsson | Tollstjóraembættið | 260.962 |
| Svarthamrar 19, 0102, 4ra herb. íbúð á 1. hæð 4980) | Margrét Sigríður Sævarsdóttir | Tollstjóraembættið | 100.143 |
| Svarthamrar 48, 0101, 3ja herb. íbúð á 1. hæð 4981) | Guðrún Jóhanna Arnórsdóttir | Íbúðalánasjóður | 413.489 |
| Torfufell 46, 0302, 50% ehl. í 4ra herb. íbúð 92,2 fm á 3. hæð t.h. m.m. 4982) | Leifur Þorvaldsson | Tollstjóraembættið | 164.208 |

Páli Gunnbjörnssyni, samþykktur af Gesti f.h. Úteyjar hf., til greiðslu í Sparisjóðnum í Keflavík. Útey hf. var tekið til gjaldþrotaskipta þann 6. nóv. 2000 og hefur kröfunni verið lýst í þrotabúið.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu með vísan til 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt þjóðskrá býr Gestur í Danmörku. Stefnuvottur, H. V. Houmark, hefur reynt að birta stefnu fyrir Gesti í Danmörku en ekki tekist. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

*Lagatilvísanir:* Vísað er til víxillaga númer 93/1933, einkum 7. kafla laganna um fullnustu vegna greiðslufalls. Málið er rekið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Bankakostnaðar er krafist í samræmi við gjaldskrá sparisjóða, sem sett er með stoð í lögum nr. 43/1993, og stefndu hafa samþykkt að hlíta.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga númer 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi m.a. leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Víxil
4. Afrit innheimtubréfs.
5. Bréf dagsett 27. febr. 2001 frá Sendiráði Íslands í Kaupmannahöfn.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjaness, á dómþingi sem haldið verður að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, þann 23. maí 2001, kl. 14.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Keflavík, 19. mars 2001,
f.h. stefnanda.
**Jóhannes Karl Sveinsson** hrl.

(5074

# Fyrirtækjaskrá

## Nýskráningar

*Félagið heitir:* **Shalom.is á Íslandi ehf.**
*Kt.:* 541200-3390.
*Heimili og varnarþing:* **Friðarstöðum, 810 Hveragerði.**
*Dagsetning samþykkta er:* 10. desember 2000.
*Stofnendur:* Diðrik Jóhann Sæmundsson, kt. 220861-7249, Friðarstöðum, 810 Hveragerði og Steinunn Kristjánsdóttir, kt. 280955-3029, s.st.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 10. desember 2000:*
Stjórnarmaður: Diðrik Jóhann Sæmundsson.
Varastjórn: Steinunn Kristjánsdóttir.
*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.
*Framkvæmdastjórn og prókúruumboð:* Diðrik Jóhann Sæmundsson.
*Skoðunarmenn/endurskoðendur:* Kauphúsið ehf., kt. 661185-0829, Snorrabraut 77, 105 Reykjavík og Sigurður S. Wiium, kt. 271244-4449, Snorrabraut 77, 105 Reykjavík.

*Hlutafé:* 1.000.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er öll almenn landbúnaðarstarfsemi, ræktun, skepnuhald, gróðurhúsaræktun o.fl. skylt. Einnig hirða, ræktun og tamning hrossa. Framleiðsla og sala landbúnaðarafurða. Leiga og rekstur áhalda og tækja og þjónusta því skyld. Eignarhald, leiga og rekstur fasteigna. Eignarhald og þátttaka í rekstri annarra félaga og lánastarfsemi.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Nei.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(3867

*Félagið heitir:* **Afköst ehf.**
*Kt.:* 541200-3470.
*Heimili og varnarþing:* **Grófarsmára 1, 201 Kópavogi.**
*Dagsetning samþykkta er:* 1. desember 2000.
*Stofnandi:* Kristján Ketilsson, kt. 080961-5889, Grófarsmára 1, 201 Kópavogi.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 1. desember 2000:*
Stjórnarmaður: Kristján Ketilsson.
Varastjórn: Ragnhildur Kristjánsdóttir, kt. 301069-5539, Grófarsmára 1, 201 Kópavogi.
*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.
*Prókúruumboð:* Kristján Ketilsson.
*Skoðunarmenn/endurskoðendur:* Eymundur Sveinn Einarsson, kt. 081166-3319, Sunnuflöt 12, 210 Garðabæ og Ragnar Þórhallsson, kt. 160546-3449, Brúnastekk 10, 109 Reykjavík.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er verktakastarfsemi, jarðvinna, vélaleiga o.þ.h. ásamt rekstri fasteigna og lánastarfsemi.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(3868

*Félagið heitir:* **Anís ehf.**
*Kt.:* 541200-3550.
*Heimili og varnarþing:* **Miklubraut 48, 105 Reykjavík.**
*Dagsetning samþykkta er:* 10. desember 2000.
*Stofnendur:* Helgi Kristbjarnarson, kt. 250647-3609, Miklubraut 48, 105 Reykjavík og Sigríður Sigurðardóttir, kt. 120846-4269, s.st.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 10. desember 2000:*
Formaður stjórnar: Helgi Kristbjarnarson.
Meðstjórnandi: Sigríður Sigurðardóttir.
Varastjórn: Kristbjörn Helgason, kt. 020479-2219, Miklubraut 48, 105 Reykjavík.
*Firmað rita:* Tveir stjórnarmenn saman.
*Prókúruumboð:* Helgi Kristbjarnarson og Sigríður Sigurðardóttir.
*Skoðunarmenn/endurskoðendur:* Elín Rögnvaldsdóttir, kt. 131150-2969, Lindarseli 7, 109 Reykjavík og Sigríður H. Jóhannesdóttir, kt. 281154-7299, Jakaseli 1, 109 Reykjavík.
*Hlutafé:* 4.000.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er að eiga hlutabréf, kaupa þau og selja, að reka fasteignir, kaupa þær og selja, efla og styðja vísindarannsóknir á sviði læknisfræði og skyldra greina og reka slíka starfsemi auk hverrar þeirrar viðskipta- og fjármálastarfsemi sem stjórn félagsins telur að megi verða því til hagsbóta hverju sinni.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(3869

*Félagið heitir:* **Íslenska miðasalan hf.**
*Kt.:* 541200-3630.
*Heimili og varnarþing:* **Laugavegi 26, 101 Reykjavík.**
*Dagsetning samþykkta er:* 17. nóvember 2000.

| Heiti eignar: | Gerðarþoli(-ar) | Gerðarbeiðandi (-beiðendur) | Fjárhæðir krafna í krónum |
|---|---|---|---|
| Tungusel 1, 0301, 4ra herb. íbúð á 3. hæð 4983) | Júníus Pálsson | Tollstjóraembættið | 170.191 |
| Ugluhólar 4, 0202, 50% ehl. í 3ja herb. íbúð á 2. hæð nr. 2 4984) | Helga Guðmundsdóttir | Sparisjóður Kópavogs | 519.704 |
| Unufell 33, 0402, 4ra herb. íbúð 92,2 fm á 4. hæð t.h. m.m. 4985) | María Guðfinna Andrésdóttir | Íbúðalánasjóður | 183.077 |
| Veghús 29, 0303, 6 herb. íbúð á 3. hæð (130,8 fm) 4986) | Berglind Jófríður Magnúsdóttir og Steinar Davíðsson | Íbúðalánasjóður | 211.675 |
| Vesturberg 72, 0401, 3ja herb. íbúð á 4. hæð t.v. 4987) | Ásgeir Benónýsson | Íbúðalánasjóður | 253.688 |
| Vesturgata 4, 020101, steinhús (Grófin 1) 1. hæð og kjallari 4988) | Grófin 1 ehf. | Tollstjóraembættið | 335.065 |
| Viðarrimi 21 4989) | Elín Birna Harðardóttir og Adolf Á. Gunnsteinsson | Tollstjóraembættið | 92.470 |
| Vættaborgir 6, 0102, 83,2 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð m.m. ásamt geymslu í kjallara merkt 0002 4990) | Hjördís Tómasdóttir | Tollstjóraembættið | 284.365 |
| Völvufell 50, 0202, 4ra herb. íbúð 92,2 fm á 2. hæð t.h. m.m. 4991) | Ingibjörg Hauksdóttir | Íbúðalánasjóður | 246.214 |

Reykjavík, 6. apríl 2001.
F. h. sýslumannsins í Reykjavík,
**Úlfar Lúðvíksson** deildarstjóri fullnustudeildar.

*Stofnendur:* Jón Ólafsson Friðgeirsson, kt. 060854-5219, Stigahlíð 82, 105 Reykjavík og Veraldarvefurinn hf., kt. 431299-2409, Laugavegi 26, 101 Reykjavík.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 17. nóvember 2000:*
Formaður stjórnar: Sigurður Guðjónsson, kt. 081151-3189, Lækjarási 7, 110 Reykjavík.
Meðstjórnendur: Axel Valdemar Gunnlaugsson, kt. 110658-2499, Stuðlabergi 28, 220 Hafnarfirði og Hjálmar Blöndal Guðjónsson, kt. 010476-4539, Baldursgötu 13, 101 Reykjavík.
Varastjórn: Kristján Jónsson, kt. 060477-4349, Laugavegi 62, 101 Reykjavík.
*Firmað rita:* Tveir stjórnarmenn saman.
*Framkvæmdastjórn og prókúruumboð:* Hjálmar Blöndal Guðjónsson.
*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* KPMG endurskoðun hf., kt. 590975-0449, Vegmúla 3, 108 Reykjavík.
*Hlutafé:* 10.000.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er að kaupa og þróa hugbúnaðinn „Titus" og sala hvers kyns aðgöngumiða, vöru og þjónustu á internetinu, framleiðsla og útgáfa hvers kyns afþreyingarefnis, kaup og sala verðbréfa, lausafjár, fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(3870

*Félagið heitir:* **Þitt hús ehf.**
*Kt.:* 541200-3710.
*Heimili og varnarþing:* **Ármúla 38, 108 Reykjavík.**
*Dagsetning samþykkta er:* 5. nóvember 2000.
*Stofnendur:* Kristján Axelsson, kt. 191272-4989, Lækjarkinn 8, 220 Hafnarfirði, Kristján Þórir Hauksson, kt. 040572-5039, Klukkubergi 3a, 220 Hafnarfirði, Valgeir Kristinsson, kt. 130548-4589, Miðvangi 123, 220 Hafnarfirði, Vésteinn Gauti Hauksson, kt. 130274-4559, Flétturima 31, 112 Reykjavík og Örn Ragnarsson, kt. 150653-7549, Grundarhóli, 116 Reykjavík.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 5. nóvember 2000:*
Formaður stjórnar: Kristján Þórir Hauksson.
Meðstjórnendur: Valgeir Kristinsson og Vésteinn Gauti Hauksson.

# Auglýsing

## um umferð í Hafnarfirði

Samkvæmt heimild í 81. grein umferðalaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjaryfirvalda í Hafnarfirði hefur verið ákveðið að hámarkshraði á eftirtöldum götum í Hafnarfirði verði lækkaðar niður í 30 km/klst.:

Lyngbarði, Svalbarði, Háabarði, Mosabarði, Þúfubarði, Vallarbarði, Móabarði, Brekkuhvammi, Lindarhvammi, Kelduhvammi og Smárahvammi.

Einnig Miðvangi, beggja vegna Hjallabrautar, Blómvangi, Þrúðvangi og Glitvangi.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. ágúst 2001.

Hafnarfirði, 5. apríl 2001
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði,
**Guðmundur Sophusson**.

4901)

# Auglýsing

## um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994–2014

Sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps auglýsir skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að verulegri breytingu á aðalskipulagi Vatnsleysustrandarhrepps 1994–2014.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu hreppsins að Iðndal 2, Vogum til *18. maí 2001.*

Frestur til að skila inn athugasemdum við tillöguna er til *1. júní 2001.*

Hver sá sem eigi gerir athugasemdir innan tilgreinds frests telst samþykkur henni.

Vogum, 10. apríl 2001.
**Sveitarstjóri.**

5096)

# Auglýsing

## um deiliskipulag fyrir miðbæ Hafnarfjarðar

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 3. apríl 2001 að auglýsa til kynningar tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir miðbæ Hafnarfjarðar, í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Skipulagssvæðið afmarkast frá Norðurbakka af Reykjavíkurvegi, Austurgötu, Brekkugötu 8, Suðurgötu frá nr. 11 að nr. 28, meðfram Vesturhamri í suðurlóðarmörkum Strandgötu 50a, í áttina að strandlínunni og vestan við göngustíg meðfram sjávarkambinum að Reykjavíkurvegi. Deiliskipulag þetta kemur í staðinn fyrir deiliskipulag sem staðfest var af ráðherra 19. september 1983 m.s.br., fyrir þetta skipulagssvæði.

Tillagan verður til sýnis í afgreiðslu umhverfis- og tæknisviðs, Strandgötu 8–10, þriðju hæð, frá 20. apríl 2001 til 18. maí 2001. Nánari upplýsingar eru veittar á bæjarskipulagi.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og skal þeim skilað skriflega til bæjarskipulags í Hafnarfirði, eigi síðar en 2. júní 2001. Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna teljast samþykkir henni.

Hafnarfirði, 10. apríl 2001.
**Skipulagsstjóri Hafnarfjarðar.**

5103)

Varastjórn: Kristján Axelsson.
*Firmað rita:* Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri saman.
*Framkvæmdastjórn og prókúruumboð:* Örn Ragnarsson.
*Skoðunarmenn/endurskoðendur:* Borghildur Sigurðardóttir, kt. 041270-5009, Grófarsmára 6, 201 Kópavogi og Grétar Kjartansson, kt. 100453-4529, Njörvasundi 26, 104 Reykjavík.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er byggingarstarfsemi, sala á byggingarvörum og innréttingum, innflutningur, umboðsverslun, lánastarfsemi, rekstur fasteigna.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(3871

*Félagið heitir:* **Ásavellir ehf.**
*Kt.:* 541200-4280.
*Heimili og varnarþing:* **Ásvallagötu 58, 101 Reykjavík.**
*Dagsetning samþykkta er:* 12. desember 2000.
*Stofnandi:* Jón Pálmi Guðmundsson, kt. 020561-7349, Ásvallagötu 58, 101 Reykjavík.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 12. desember 2000:*
Stjórnarmaður: Jón Pálmi Guðmundsson.
Varastjórn: Þórhildur Lilja Ólafsdóttir, kt. 120667-5569, Ásvallagötu 58, 101 Reykjavík.
*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.
*Framkvæmdastjórn og prókúruumboð:* Jón Pálmi Guðmundsson.
*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Einar Sveinn Hálfdánarson, kt. 130354-2119, Hverafold 142, 112 Reykjavík.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er sjálfstæð ráðgjöf og eignaumsýsla og skyldur rekstur.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(3872

*Félagið heitir:* **Fagurgerði ehf.**
*Kt.:* 541200-4360.
*Heimili og varnarþing:* **Veghúsum 3, 112 Reykjavík.**
*Dagsetning samþykkta er:* 4. desember 2000.
*Stofnendur:* Ingvar Stefánsson, kt. 101168-4259, Suðurbraut 2, 220 Hafnarfirði og Stefán Stefánsson, kt. 111235-3179, Veghúsum 3, 112 Reykjavík.
*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 4. nóvember 2000:*
Stjórnarmaður: Stefán Stefánsson.
Varastjórn: Ingvar Stefánsson.
*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.
*Prókúruumboð:* Ingvar Stefánsson og Stefán Stefánsson.
*Skoðunarmenn/endurskoðendur:* Deloitte & Touche hf., kt. 521098-2449, Stórhöfða 23, 110 Reykjavík og Knútur Þórhallsson, kt. 230465-5419, Brekkubyggð 77, 210 Garðabæ.
*Hlutafé:* 500.000 kr.
*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er kaup og sala á eignarhlutum í félögum og fasteignum, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og skyld starfsemi.
*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.
*Lausnarskylda á hlutum:* Nei.

(3873

# Fyrirtækjaskrá

## Skipting hlutafélags

Hlutafélagaskrá hefur borist skiptingaráætlun Viðskiptamiðlunarinnar hf., kt. 671095-3169, Grensásvegi 13, 108 Reykjavík ásamt fylgiskjölum, þ.m.t. yfirlýsingu matsmanna skv. 4. mgr. 122. gr. hfl.

Við skiptinguna verða stofnuð tvö ný félög, Veltir ehf. og Kerfisveitan ehf., sem taka við hluta af eignum og skuldum, réttindum og skyldum Viðskiptamiðlunarinnar hf.

Skiptingin miðast við 1. janúar 2001. Frá og með þeim degi taka Veltir ehf. og Kerfisveitan ehf. við þeim eignum og skuldum, réttindum og skyldum, sem til félaganna munu renna við skiptinguna.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafund þann, sem endanlega ákveður skiptingu félagsins og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku skiptingaráætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 124. gr. hfl. lögð fram á skrifstofu félagsins hluthöfum til skoðunar eða afhendingar.

Reykjavík, 5. apríl 2001.
**Hagstofa Íslands.**
**Hlutafélagaskrá.**

(5004

**Lögbirtingablað,**
48. tölublað 2001.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins
og ábyrgðarmaður.
**Eygló Halldórsdóttir**

Gutenberg